



Fundargerð

Fundur stýrihóps vegna endurskoðunar vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið með framkvæmdastjórn vatnsverndar.

Föstudaginn 20. febrúar 2015 kl. 10:00 – skrifstofa SSH.

Af stýrihópi voru á fundinum:

Árný Sigurðardóttir	Reykjavík
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjörður
Tómas G. Gíslason (í fjarveru Jóhönnu B. Hansen)	Mosfellsbæ
Steingrímur Hauksson	Kópavogi

Frá framkvæmdastjórn vatnsverndar voru:

Kristín Lóa Ólafsdóttir	Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur
Guðmundur H. Einarsson	Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Páll Stefánsson	Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Árni Davíðsson (í fjarveru Þorsteins Narfasonar)	Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Ennfremur sátu fundinn Sveinn Óli Pálmarsson frá verkfræðistofunni Vatnaskilum, Rúnar Bjarnason frá verkfræðistofunni Mannviti og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstóri, sem skrifaði fundargerð.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi til afgreiðslu:

- 1. Tillaga að uppdrætti dags. 19. febrúar 2015, af afmörkun verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.**
Sveinn Óli Pálmarsson gerði grein fyrir hvaða breytingar hefðu verið gerðar á tillögu að uppdrætti eftir þá rýni sem stýrihópurinn ákvað á síðasta fundi.
- 2. Tillaga framkvæmdastjórnar vatnsverndar, dags. 20. febrúar 2015, að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.**
Páll Stefánsson og Kristín Lóa Ólafsdóttir fóru yfir þær breytingar sem gerðar voru á tillögu að heilbrigðissamþykkt í kjölfar innkominna athugasemda. Einnig greindu þau frá sérskjali sem fylgir samþykktinni og útskýrir einstaka greinar hennar.
- 3. Tillögur að viðbrögðum við athugasemdum dags. 20. febrúar 2015.**
Rúnar Bjarnarson fór yfir tillögur að viðbrögðum við athugasemdir og dró fram þær breytingar sem orðið hafa á þeim frá síðasta fundi.

Stýrihópur samþykkir, í samræmi við ofangreint, að afgreiða endurskoðaða samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu til sveitarstjórna til samþykktar. Samþykktin er með fyrirvara um að gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal frestast í allt að þrjú ár eftir staðfestingu umhverfisráðherra sbr. kafla 7.2.

Sigurður Haraldsson lagði fram eftirfarandi bókun Hafnarfjarðarkaupstaðar:

„Á höfuðborgarsvæðinu verði þess vandlega gætt að íbúar, iðnaður og þjónusta búi við heilnæmt vatn og hagkvæma neysluvatnsöflun. Þá verði markvisst stefnt að því að vatnsöflun verði án utanaðkomandi orku eins og frekast er mögulegt. Vatnsöflun verði eins sjálfbær og kostur er.“



Fjárfestingar í vatnsbólum, aðveitum og miðlunarmannvirkjum á höfuðborgarsvæði verði nýttar áfram eins og mögulegt er og gerðar áætlanir um miðlun neysluvatns á milli sveitarfélaga ef hættuástand skapast. Verndun vatnsbóla og neysluvatnsauðlindarinnar verði sameiginlegt viðfangsefni og verndun hennar og nýting markviss. Stefnt verði að bættri nýtingu og meðferð neysluvatns innan höfuðborgarsvæðis ásamt aukinni samvinnu í rekstri vatnsveitna á höfuðborgarsvæði“.

Stýrihópur felur skrifstofu SSH að tilkynna þeim aðilum sem gerðu athugasemdir hvernig brugðist var við þeim.

Stýrihópur lítur svo á að með afgreiðslu þessari sé hlutverki hópsins lokið. Öllum þeim aðilum sem komið hafa að málinu er þakkað þeirra framlag og samstarf í verkefninu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00